

5. fundur stjórnar Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi

1. febrúar 2016

Formaður setti fund og bauð alla fundarmenn velkomna.

Öskudagurinn: Búið er að bóka íþróttahús frá kl. 16:00 – 17:30. Sundlaugin er laus frá kl. 19:30 – 21:00 fyrir eldri krakkana. Kanna á með íþróttahús frá kl. 17:30 – 19:00.

Engar athugasemdir komu við breytingum á starfsreglum sem send voru á stjórnina. Anna sendir uppfært skjal með breytingum eins og þær liggja fyrir. Starfsreglur verða svo uppfærðar á heimasíðu skólans.

Eftirfarandi greinar starfsreglna félagsins tóku breytingum:

3. gr. Bekkjardeildir og stjórn

Foreldrar nemenda hvers bekkjar mynda deildir innan félagsins og sér hver deild um starf í þágu síns bekkjar. Hver deild velur sér tvo bekkjarfulltrúa sem jafnframt eru stjórnarmenn í foreldrafélagi skólans.

Í upphafi skólaárs skal umsjónarkennari hvers bekkjar boða viðkomandi foreldra og forsjáraðila til fundar þar sem bekkjarfulltrúar eru valdir.

Eigi síðar en 20. september skal skólastjóri boða nýja stjórn foreldrafélagsins og fráfarandi embættismenn stjórnar ársins á undan til fundar, þar sem farið verður yfir starf vetrarins og fráfarandi embættismenn(formaður, ritari, gjaldkeri) skýra þar frá högum félagsins þ.m.t. fjárhagsstöðu.

Á fundinum skulu bekkjarfulltrúar velja sér embættismenn: Formann, gjaldkera og ritara.

Embættismenn séu ekki starfsmenn grunnskólans. Tveir stjórnarmenn skulu sitja í stjórn félagsins til tveggja ára og skal það liggja fyrir að vori hverjir tveir bjóði sig fram til þess.

5. gr. Félagsgjöld

Félagsgjöld skulu ekki innheimt nema samkvæmt ákvörðun félagsfundar hverju sinni.

Hafi félagsgjöld ákveðið að innheimt skuli félagsgjöld er nafnalisti heimila sendur til bankans til að sjá um innheimtu í upphafi skólaárs.

Fjármunir foreldrafélags grunnskólans í Stykkishólmi skulu varðveittir á bankareikningi félagsins á kennitölu þess. Ráðstöfun fjármuna skal vera með eftirfarandi hætti:

- 1. Að niðurgreiða skíðaferð 7. bekkjar*
- 2. Að niðurgreiða menningarferð 5. bekkjar*
- 3. Að greiða fyrir fyrirlestur og/eða fræðslu til foreldra.*
- 4. 20% félagsgjalda yfirstandandi árs standi óhreyfð til næsta starfsárs.*

Samþykkt var að veita styrk úr sjóði foreldrafélagsins sem nemur 3.000 kr/barn sem fer í ferðir í 5. og 7. bekk. Skipta þarf um prókúruhafa á reikningi foreldrafélagsins.

Auglýsing vegna öskudags fer í Stykkishólmspóstinn. Búa þarf til auglýsingu um dagskrá öskudagsins (gönguna og dagskrá í íþróttahúsi) og senda út og einnig í leikskólann.

Foreldrar yngri barna eru á gæslu með yngri börnum og foreldrar eldri barna eru á gæslu með eldri börnum.

Huga þarf að því að fá fyrirlesara á vegum foreldrafélagsins í apríl.

Næsti fundur ákveðinn 7. mars kl. 20:30.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Formaður sleit fundi.

Mættir:

Laufey Bjarnadóttir

Þórhildur Eyþórsdóttir

Bergþór Smáráson

Arnþór Þorsteinsson

Eszter Petö

Alda Leif Jónsdóttir

Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir

Jóhanna M. Ríkharðsdóttir

Nadine Walter

Wioletta Maszota

Páll Vignir Þorbergsson

Sigðurður Ágúst Þorvaldsson

Anna Melsteð